

ið birt. Með því að yfirdómsstefnan þannig hefir eigi verið löglega birt fyrir stefnda samkvæmt N. l. 1—4—4 og stefndi hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, verður ex officio að frávisa málinu og fellur málskostnaður þá niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast trá yfirdóminum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 6. ágústmánaðar.

Nr. 1/1900:

Þorsteinn Gíslason
gegn
Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Atrýjandi þessa máls, ritstjóri Þorsteinn Gíslason, var eigandi 2 blada, »Íslands« og »Sunnarfara«, en hinn 30. desembermánaðar 1898 afsalaði hann eignarrétti sínum að báðum blöðunum til nokkurra manna í Reykjavík, sem höfðu verið styrktarmenn bladanna og áttu veð í þeim, með þeim skilyrðum, að blöðunum yrði haldið úti að minsta kosti alt hið næsta ár og áfrýjandi ráðinn ritstjóri þeirra með ákvednum árslaunum, 900 kr., auk 15^o/_o af auglýsingatekjum bladanna, og 10^o/_o af því sem inn kæmi frá nýjum kaupendum, er viðbættust eftir afsalsdag, að stefnandi skyldi eiga sem svaraði 500 kr. eign í blöðunum, og hafa rétt til að eignast þau aftur, hve nær sem hann æskti

Þess með 3 mánaða fyrirvara, og útgefendunum að skaðlausu, og að það sem afgangsrörð útgáfukostnaðinum með 5% vöxtum skyldi eingöngu ganga til lúkningar skuldum, sem þá hvíldu á blöðunum. Eftir skýrslu áfrýjanda var það þá fyrirætlan manna þeirra, sem keyptu blöðin, að stofna hlutafélag til þess að kosta útgáfu þeirra. Nokkrir menn skrifuðu sig fyrir félagshlutum auk kaupendanna, og var ákveðið að halda stofnunarfund félagsins 7. jan. f. á., en á fundi þeim mættu svo fáir af hluthöfunum, að eigi varð neitt úr stofnun félagsins. Áfrýjandi þessa máls gefur hinum stefnda, ritstjóra Birni Jónssyni, sök á því að hann hafi með munnlegum fortölum, hótunum og ýmsum greinum í blaði sínu »Ísafold« fælt menn frá að ganga í félagið og með því móti tálmað því, að það kæmist á stofn, og hafi hann þannig bakað sér atvinnutjón, end hafi hann í blaði sínu stært sig af því, að hann hafi eyðilagt félagið; svo hafi hann og borið áfrýjanda ýmislegum brígðum, gjört fjárhag hans að umtalsefni í blaði sínu og þannig raskað privatlífs-fríði hans. Fyrir þessar sakir höfðaði áfrýjandi Þorsteinn Gíslason mál á móti stefnda Birni Jónssyni fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur til skaðabóta fyrir atvinnuhnekkni, hneisu og lánstrausts-spjöll, til sekta fyrir röskun á privatlífsfríði áfrýjanda, og til málskostnaðargreiðslu, og var máli þessu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttarins 13. júlí f. á. á þann veg, að stefndi var sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla

niður. Þessum dómi hefir ritstjóri Þorsteinn Gíslason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 2. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 10,000 kr. skaðabætur fyrir atvinnuhnekki, hneisu og lánstraustsspjöll, að hann verði látinn sæta hæstu sekt er lög heimila fyrir röskun á privatlífsfriði áfrýjanda, og að hann verði skyldaður til að greiða allan málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Þar sem áfrýjandi telur, að stefndi hafi komið því til leiðar með munnlegum fortölum, hótunum og ýmsum greinum í »Ísafold«, að stofnun hlutafélagsins til útgáfu áminstra blada fórst fyrir, þá er engin sönnun komin fram fyrir því í málinu, að stefndi hafi beitt hótunum eða munnlegum fortölum í þessu efni. Greinar þær í blaðinu »Ísafold«, sem áfrýjandi hefir tilgreint, að hafi haft áminst áhrif, eru einkum grein í 1. tölubl. Ísaf. 1899, sem út kom 7. jan. það ár með fyrirsögn »Kynlegt gróðabrall«, og í sambandi við hana ýmsar greinar í 5 næstu tölublöðum Ísafoldar (tölubl. 2—6) með fyrirsögnunum »Leynihlutafélagið«; »Eftirmál um Ísland«; »Uppvakningur«; »Landeyðan«; »Kátbroslegur gorgeir«; »Ekki gefinn bitinn«, og »Margkynjað óhróðursbull«. Það eru og þessar bladagreinar, sem áfrýjandi telur að

innihaldi brigglyrði til sín, gjöri fjárhag sinn að umtalsefni og raski þráttlífsfriði sínum.

Það er nú ekki vafamál, enda hefir stefndi kannast við það, að áminstar blaðagreinar, einkanlega greinin í 1. tölubl. Ísafoldar f. ár, eru ritadar í því skyni, að hamla stofnun hins áminsta hlutafélags og tálma útkomu blaðsins Íslands. En það er þó eigi sannað, — enda ósannanlegt nema ef vera skyldi með yfirlýsingu hlutafélagsmannanna sjálfra, sem eigi hefir komið fram í málinu, — að greinarnar í Ísafold hafi haft þessi áhrif. Í þessu efni má geta þess, að blaðið »Ísland« hélt áfram að koma út að minsta kosti missiristíma eftir að greinin birtist í »Ísafold« 7. jan. f. ár, og var það þá eftir sögn áfrýjanda sjálfs gefið út af félagi (»Útgáfufélagi Íslands«). En þó nú svo væri álitid, að stefndi hafi með greinum sínum í Ísafold komið því til leiðar, að stofnun hlutafélagsins fórst fyrir, þá verður eigi séð, að hann með því hafi gjört sig sekan í verknæði, er skapi honum skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda. Stefndi áleit blaðafyrirtæki hlutafélagsins eða áfrýjanda skaðsamlegt, og reyndi því að koma í veg fyrir, að það fengi framgang, en þetta gat ekki bakað honum ábyrgð til skaðabóta. Um hitt er eigi að ræða í þessu máli, hvort stefndi hafi með áminstum greinum í blaði sínu ærumeitt áfrýjanda, jafnframt og hann réðst á hlutafélagsstofnunina og blaðaútgáfu-fyrirtæki hans, þar eð honum er eigi stefnt til ábyrgðar fyrir ærumeið-

ingar. Samkvæmt þessu verður skaðabótakrafa áfrýjanda eigin tekin til greina.

Hinn annar kærupóstur áfrýjanda á hendur stefnda er, að hann hafi með áminstum blaðagreinum í »Ísafold« raskað þrívæðingunni sinni, og heimtar hann að stefndi verði dæmdur í hæstu sektir, er lög leyfa, fyrir þessar sakir. Í þessu efni getur eigi verið um annað að ræða en það, að stefndi hefir í tédum greinum minst á fjárhagsástæður áfrýjanda og gefið í skyn, að hann hafi lifað á lánsfé fyrir hjálp kunningja sinna. Þessi ummæli verða þó eigi álitin svo nærgöngul áfrýjanda, að þau séu refsingarverð, einkanlega þegar þess er gætt, að áfrýjandi hafði sjálfur áður gjört atvinnuveg og fjárhagsástæður sínar að umtalsefni í blaði sínu »Íslandi«, og að hann á hinn bóginn hafði í blaði sínu talað um atvinnuveg stefnda á þá leið, að hann »hefði lengstum lifað af lánnum og gjöfum annara, þangað til hann saug sig fastan á landsþjóðinn«.

Samkvæmt því, sem hér er tekið fram, verður að fallast á úrslit þau, sem málið hefir fengið í undirrétti, og staðfesta bæjarþingsdóminn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.
Málskostnaður falli niður.